

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Seltjarnarness 1981–2001.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 30. desember 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Seltjarnarness 1981–2001, sem staðfest var 13. maí 1981.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar:

–Reitur norðan Suðurstrandar og vestan Nesvegjar breytist úr svæði fyrir iðnaðarstarfsemi í svæði fyrir opinbera þjónustu, iðnað og verslunarstarfsemi, sbr. nánar auglýst skilgreiningu í Lögbirtingablaði nr. 83, 85. ár.

–Reitur vestan Austurstrandar breytist úr svæði fyrir atvinnustarfsemi og þjónustu í svæði undir íbúðir, þjónustu, verslun og iðnað.

–Hluti reitar sunnan Suðurstrandar og vestan Nesvegjar breytist úr svæði fyrir verslun og þjónustu í opinbera stofnun og opið grænt svæði.

–Hluti af grænu opnu svæði Valhúsahæðar breytist í íbúðarsvæði.

–Í Bakkavör er gert ráð fyrir smábátahöfn.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki skipulagsstjórnar ríkisins og bæjarstjórnar Seltjarnarness.

Umhverfisráðuneytið, 30. desember 1992.

Eiður Guðnason.

Hrafn Hallgrímsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Barnaverndarsjóð.

1. gr.

Barnaverndarráð samþykkti á fundi sínum 17. desember 1992 að stofna sjóð sem heitir Barnaverndarsjóður. Sjóðurinn er stofnaður af framlögum sem barnaverndarráði hafa borist úr Líknarsjóði Íslands, kr. 822 213 við afhendingu 4. september 1991 og Barnaverndarsjóði Knud Knudsen, nú að fjárhæð danskra krónur 79 508. Barnaverndarsjóður er stofnaður í tilefni af 60 ára afmæli barnaverndarráðs.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 420 000 fjögur hundruð og tuttugu þúsund krónur, sem ekki má skerða.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að stuðla að forvörnum á sviði barnaverndar og að upplýsa almenning um barnavernd. Skal fjármunum sjóðsins einkum verið til útgáfu rita um þetta efni.

4. gr.

Tekjur Barnaverndarsjóðs eru áheit, gjafir og vextir og leggjast ekki við höfuðstól sjóðsins.

Fjármunir sjóðsins skulu varðveittir á verðtryggðum bankareikningi skráðum sem eign Barnaverndarsjóðs.

Stjórn Barnaverndarsjóðs ber ábyrgð á meðferð fjármuna sjóðsins. Meirihluta þarf til allra ákvarðana stjórnar um ráðstöfun fjármuna sjóðsins.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar fyrstu stjórn sjóðsins. Skal stjórnin skipuð þrem aðalmönnum og tveimur til vara. Stjórnin skiptir með sér verkum. Starfstími stjórnarinnar skal vera fimm ár í senn. Stjórnin velur sér eftirmenn að starfstíma sínum loknum.

6. gr.

Reikningsárið er frá 1. janúar til 31. desember og skulu reikningar endurskoðaðir af kjörnum endurskoðendum.

7. gr.

Meiri hluti stjórnar getur ákveðið að leggja Barnaverndarsjóð niður og skulu fjármunir sjóðsins þá renna til barnaverndar samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar.

8. gr.

Tillögur um breytingar á skipulagsskrá þessari ná fram að ganga ef þær hljóta samþykki meiri hluta stjórnar og staðfestingu dómsmálaráðuneytis.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 22. desember 1992.

Haraldur Johannessen.

Guðfinna Eydal.

Jón Kristinsson.

Vilhjálmur Árnason.

Ólöf Sigurðardóttir.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. desember 1992.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.